

## Grímur Thomsen og framandgerving Pindars

### 1. Inngangur

**K**væðapýðingar Gríms Thomsen hafa frá fyrstu tíð þótt ágæt dæmi um staðfærslu eða aðlögun erlends skáldskapar að íslenskum hefðum og hugarfari, þar sem erlendu kvæðin séu nánast átylla rammíslensks skáldskapar Gríms. Við þetta mat er hins vegar litið fram hjá þýðingum Gríms á forngrískum kveðskap, enda falla þær miður vel að þessu viðhorfi. Síðustu ár ævi sinnar þýddi Grímur mest úr forngrísku, ekki síst eftir drápuhöfundinn Pindar. Þetta myrka skáld var nánast framandleikinn holdi klæddur. Það kemur ekki á óvart að þessum þýðingum hafi snemma verið tekið fálega og þær útskýrðar sem sérvíska gamalmennis sem þoldi illa samtíma sinn. Í greininni held ég því fram að Grímur hafi með þýðingum sínum á Pindar og öðrum forngrískum kveðskap ekki gengið til að staðfæra, heldur hampa framandleikanum og þannig auðga íslenskar bókmenntir.

### 2. Þýðingar Gríms Thomsen á drápum Pindars og viðtökur þeirra

Á sinni tíð var Grímur Thomsen (1820-1896) manna fróðastur um erlendar bókmenntir samtímans. Kornungur vinnur hann til verðlauna fyrir ritgerð um franskan skáldskap. Hálfþrítugur semur hann magisterritgerð um Byron lávarð, sem síðar dugar honum til doktorsnafnbótar við Hafnarháskóla. Íslenskar miðaldabókmenntir

urðu honum hugleiknar og voru það lengstum. Þessir þættir hafa skilgreint skáldið, ásamt þeirri rómantísku hughyggju og skandínavisma sem hann aðhylltist.<sup>1</sup> Grímur átti til að skýra einkenni íslenskra miðaldabókmennta með samanburði við grískar fornþókmenntir, sem hann nam ungur og þekkti ágætlega, ekki síst til að upphefja hið norræna. Áhuginn á grískum bókmenntum átti hins vegar eftir að breytast og dýpka, því að síðustu ár ævi sinnar var Grímur hugfanginn af forngrískum bókmenntum og heimspæki. Um þennan áhuga Gríms og verkin sem af honum spruttu – einkum viðureign hans við eftirlætisskáldið Pindar – hafa fáir fjallað.<sup>2</sup> Í formála sínum að heildarútgáfu ljóða Gríms segir aldavinur hans, Jón Þorláksson: „...í elli sinni lagði hann mikla stund á grískan kveðskap og bókmentir, sem hann hafði hinar mestu mætur á eins og „klassískri“ mentun [svo] í heild sinni. Las hann frumhöfundana grísku með orðabók þýðingalaust og vildi brjóta þá *sjálfur* til mergjar.“<sup>3</sup> Grímur þýddi forngrískan kveðskap og skrifaði lærðar greinar um Platon og Aristóteles, sem birtust skömmu eftir lát hans.<sup>4</sup> Í aðfaraorðum að grein sinni um Platon útskýrir Grímur meginatriði í viðhorfi sínu til hins forngríska arfs. Þar sést að Jón Þorláksson hafði rétt fyrir sér þegar hann lýsir þeim vilja Gríms að brjóta *sjálfur* til mergjar gríska textann:

Þó margt sé ritað um spekinga þessa og kenningar þeirra, þá verður sú raunin á, að enginn getur þekkt þá til fulls, nema hann lesi rit þeirra á

- 1 Viðamesta rannsóknin á þessum þáttum í starfi Gríms er vafalítið verk Kristjáns Jóhanns Jónssonar (2012 og 2014), sem hefur að geyma tilvísanir til annarra rannsókna, eldri og yngri. Þá hefur Sveinn Yngvi Egilsson fjallað um hugmyndir Gríms um norrænan arf og hughyggju (1999). Ritverk Gríms um þessi málefni er helst að finna útgefin í bókinni *Íslenskar bókmenntir og heimsskoðun*, þýðingasafni úr dönsku eftir Andrés Björnsson, sem einnig ritar gagnlegan formála (Grímur Thomsen 1975). Sjá einnig yfirlit Páls Valssonar í 3. bindi *Íslenskrar bókmenntasögu* (Páll Valsson 1996: 348-58).
- 2 Á síðustu árum hefur mér vitanlega einungis Kristján Árnason fjallað um þessar þýðingar Gríms (Kristján Árnason 2004). Þar fjallar hann einnig um ólíkar hliðar á samanburði Gríms á norrænum og forngrískum bókmenntum.
- 3 Jón Þorkelsson (1934: XLIII). Áhuginn fór vitaskuld ekki framhjá neinum sem fjallaði um Grím. Sigurður Nordal skrifaði: „[Grímur] jók í elli við menntun sína með því að sökkva sér ofan í grískar bókmenntir“ (Sigurður Nordal 1934: XXIV). – Erindið hafði birst í *Einreiðinni* 1923 og birtist aftur 1944 í *Aföngum* og í *Ljóðmælum* Gríms frá 1969 (bls. 11-32). Um útgáfusögu þessa erindis Sigurðar og skoðun hans á Grími, sjá Kristján Jóhann Jónsson (2014: 63-70). Kristján Jóhann fjallar einnig um frásögn Jóns Þorkelssonar af Grími (2014: 41-55).
- 4 Grímur Thomsen (1897) og (1898). Fyrri ritgerðin hefur verið endurútgefin (Grímur Thomsen 2013).

frummálinu. Fæstir af þeim, sem um þá hafa skráð, hafa haft fyrir því að fara til sjálftrar uppsprettunnar, og af þeim nýrri valla neinir, nema Schleiermacher og Arthur Schopenhauer (Platon) og Trendelenburg (Aristoteles) ... Það sem menn finna um þá í heimspekisögum eptir ýmsa rithöfundu, jafnvel aðra eins menn, eins og Hegel, er því harla ónógt, sumstaðar enda misskilið, og jafnvel afbakað, eða að minnsta kosti aflagað eptir nýrri hugsunum, og fer því fjarri að þeir [Platon og Aristóteles] séu látnir njóta sannmælis.

Það kann að virðast mótsagnakennt en skoðun Gríms á mikilvægi þess að skilja forngrísku sýnist mér einnig hafa búið að baki þýðingum hans á forngrískum kveðskap. Grímur virðist hafa þýtt forngrískar bókmenntir vegna þeirrar sannfæringar sinnar að hollast væri að kynnast þeim á frummálinu. Skýringuna á þessu viðhorfi er að finna í orðum Gríms sjálfs, þegar hann segir: „um þýðingarnar úr forngrísku vildi eg geta þess, að mig langaði til að sýna þeim, sem amast við grískum bókmentum ... að kveðskapur Grikkja eigi stendur neinum nýrri kveðskap á baki, sem eg þekki til.“<sup>5</sup> Hann þýddi handa gagnrýnendum grískunnar. Þetta vildi Grímur gera til að þessir gagnrýnendur létu af árásum sínum á fornar menntir og leyfðu áframhaldandi kennslu forngrísku í Lærða skólanum. Þýtt var á íslensku beinlínis til eflingar forngrísku. Þýðingarnar eru gerðar á þeim tíma í sögu landsins þegar klassísk fræði og sérílagi grísk áttu mjög undir högg að sækja sem grundvöllur mennta og menningar. Kennslu í forngrísku var hætt árið 1908, í samræmi við reglugerð frá 1904, þegar skólinn var ekki lengur „lærður“ heldur „almennur“. Þessar breytingar endurspegluðu breyttar áherslur: „gríska er afnumin og kennsla í latínu minnkuð stórum, en í stað þess er aukin verulega kennsla í íslenzku, nýju málunum, stærðfræði og náttúruvísindum.“<sup>6</sup>

Fjórum árum fyrir dauða sinn hafði Grímur birt þýðingar á forngrískum kvæðum, raunar á sama vettvangi og greinar hans um Platon og Aristóteles áttu eftir að birtast.<sup>7</sup> Þar var meðal annars að

5 Grímur Thomsen (1895: iii).

6 Sjá Heimi Þorleifsson (1975: 72). Þar er fjallað nokkuð um breytingarnar og örlög kennslunnar í grísku og svokölluðum fornaldarfræðum. Sjá einnig Clarence E. Glad (2011), sem fjallar um forsendur og örlög klassískurkennslu frá 19. öld fram á þá 20.

7 Grímur Thomsen (1892).

finna þýðingu á annarri ólympísku drápu Pindars.<sup>8</sup> Þetta forngríska skáld var að mati Gríms eitt tignarlegasta skáld heimsbókmenntanna.<sup>9</sup> Pindar hefur skipað sérstakan sess í bókmenntasögunni vegna þess hversu myrkur og torskilinn hann hefur þótt, allt frá fornöld, nánast óskiljanlegur, örugglega óþýðanlegur. Að þýða Pindar hefur ávallt verið yfirlýsing út af fyrir sig, ögrandi og kannski sérvískuleg.<sup>10</sup> Mér vitanlega hefur aðeins Sveinbjörn Egilsson íslenskað nokkrar línur, í skólaþýðingu sinni á Menoni Platons (br. 133). Það er skiljanlegt, ef skáldið er óþýðanlegt. Þremur árum síðar birtust *Ljóðmæli: Nýtt safn*, síðari þeirra ljóðabóka Gríms sem voru gefnar út fyrir andlát hans; hin fyrri hafði verið gefin út árið 1880. Í ljóðabókinni frá 1895 var að finna þýðingar á forngrískum ljóðum: þýðingu á téðri ólympískri drápu og öðru bundnu máli úr forngrískum bókmenntum, meðal annars þremur öðrum drápum Pindars. Grímur þýddi einnig fyrstu ólympísku drápuna, og fyrstu og fjórðu þýpísku drápurarnar. Auk þess þýddi hann línur sem hann kallar „Brot úr ymna“.<sup>11</sup> Loks birtist í bókinni ótitluð þýðing á nokkrum línnum eftir Pindar.<sup>12</sup> Fleiri ljóð birtust að Grími látnum. Árið 1906 birtust *Ljóðmæli: nýtt og gamalt* og *Rímur af Búa Andrífssyni*. Heildarútgáfa í tveimur bindum birtist árið 1934.<sup>13</sup> Allur síðari helmingur síðara bindisins hefur að geyma þýðingar á grískum fornkvæðum. Það er allstór hluti af höfundarverki Gríms.

Þessar þýðingar úr grísku hafa lengstum mælst heldur illa fyrir, og sýnu verst þýðingarnar á Pindar.<sup>14</sup> Einkum fóru þær fyrir bringspalirnar á Sigurði Nordal. Fyrir utan nokkrar neikvæðar yfirlýsingar og efasemdir fyrstu árin eftir birtingu þeirra hafa þessar þýðingar öldungsins nánast legið í þagnargildi, einkum þýðingarnar á Pindar.

8 Hún var endurútfegin í gríska þýðingasafninu *Grikkland alla tíð*; sjá Kristján Árnason (2013: 80-83).

9 Hér var einnig stutt kórsöngsbrot (nr. 588) eftir Evripídes um Palamedes og kvæði kennt við Æsop. Brot Evripídesar átti að sýna hversu illa Aþeningar fóru að ráði sínu þegar þeir tóku Sókrates af lífi.

10 Frægasta dæmið um slíkt eru Pindarsþýðingar Hölderlins, sem vikið verður að hér á eftir.

11 Þetta brot hafði áður birst í Sunnanfara 2/13 (1893), 107 sem „Ymnabrot eptir Pindar“ og er þýðingin eignuð „Gr.P.“. Þetta mun vera brot 42 (Bergk) [= 171 (Boeckh)].

12 Höfundur veit ekki hvaðan línurnar eru, en 25-30 úr annarri þýpísku drápunni koma til greina.

13 Snæbjörn Jónsson gaf út *Úrvalslijóð* árið 1941 og svo *Ljóðmæli* árið 1946. *Ljóðmæli* í útgáfu Sigurðar Nordal birtust árið 1969.

14 Sjá 5. hluta að neðan.

Í stuttu máli þótti sök sér að snara nokkrum línnum eftir Sófókles, en vægast sagt vafasamt að bera á borð sigurdrápur eftir Pindar, reyndar til marks um dómgreindarskort. Svo virðist sem gagnrýnendur hafi sýnt Grími lítinn skilning. Það var nefnilega almenn krafa til þýðenda að góðar þýðingar væru framlag til íslenskra bókmennta. Þessi krafa er enn við lýði. Hér fannst gagnrýnendum sem Pindarsþýðingar Gríms hefðu brugðist, því þessi kveðskapur verði aldrei íslenskur, heldur sé hann eðli málsins samkvæmt framandi og óskiljanlegur. En það var fjarri Grími að gera kveðskapinn íslenskan; Íslendingar áttu að fara í ferðalag til Forngríkkja. Sigurður Nordal hafnaði tilraunum Gríms, þó að hann hafi að einhverju leyti áttað sig á ásetningi hans. Í fyrsta lagi misheppnaðist Grími að auka skilning á mikilvægi forngrísku enda tókst honum ekki að gefa innsýn í fegurð og mikilfengleika skáldskapar Pindars. Tilraunin misheppnaðist vegna þess að Grími mistókst að þýða séreinkenni hins forngríska kveðskapar, enda taldi hann að alls ekki ætti að færa Íslendinginn til Gríkklands, heldur Gríkkland til Íslendingansins. Það væri gert með íslenskun, því sem nefnt hefur verið staðfærsla. Þessi staðfærsla færi skáldskapinn inn í hugarheim Íslendingansins, sem annars er útlendingur á framandi slóðum. Grímur útskýrði ekki tilraun sína berum orðum sem einhvers konar framandgervingu. Hins vegar er tilraunin ljóslega skilin sem staðfærsla og er sem slík illa heppnuð.<sup>15</sup>

Áður en ég geri grein fyrir ásetningi Gríms með þýðingum sínum á Pindari og neikvæðum viðtökum þýðinganna vil ég kynna forngríska skáldið til sögunnar. Því geri lesandinn sér ljóst hvers kyns skáld Pindar var skilur hann bæði hversu sérstakt verk er að þýða hann og hversu framandi skáldskapurinn er, jafnvel svo framandi að það eitt að þýða Pindar er tilraun til framandgervingar. Með hliðsjón af því er næstum skiljanlegt að Sigurður Nordal hafi hrist höfuðið yfir Pindarsþýðingum Gríms og vísað þeim á bug.

15 Orðið „staðfærsla“ er þýðing á *domestication*, en „framandgerving“ á *foreignization*. Stutt en greinargott yfirlit um hugtökin má finna hjá Yang (2010). Um ólíkar tegundir þýðinga og þýðingakenninga, sjá Ástráð Eysteinnsson (1996: k. 4). Þekktasta umræða samtímans um framandgervingu er væntanlega Venuti (1995), þótt skyldri hugmynd hafi verið gerð skil af Schleiermacher þegar við upphaf 18. aldar; sjá Schleiermacher (2010).

### 3. Gríska skáldið Pindar: sérkenni og viðtaka

Fátt er vitað um þebverska skáldið Pindar (kr. 518–438 f.Kr.). Að líkindum var hann af aðalsættum, aristókrat sem samdi ljóð handa öðrum aristókrötum um allan hinn grískumælandi heim. Hann er orðinn frægur hjá Herodótosí (3.38) en var á rómverskum tíma talinn fremstur lýríska skáldanna níu og kanoníseraður sem slíkur. Quintílianus (10.1.61) tiltekur innblásinn mikilfengleika orðgnóttar og efniviðar og líkir honum við straumþungt fljót. Þetta var klassíska viðhorfið og þar skipar Pindar veglegan sess allt til níttjándu aldar – og örugglega hjá Grími sjálfum. Hjá fræðimönnum Alexandríu hafði verkum Pindars verið skipt í 17 bækur eða papýrusrollur eftir tegund með ýmsum gerðum af kvæðum. Af þeim voru fjórar bækur sem innihéldu sigurdrápur. Þær einar hafa varðveist heilar, 44 drápur alls, en önnur ljóð eru til í brotum, bæði varðveitt sem tilvitnanir annarra höfunda og á papýrus.<sup>16</sup>

Sigurdrápur voru samdar til að fagna sigurvegurum á fernum grískum íþróttaleikum. Í raun voru leikarnir trúarhátíðir; Ólympíuleikarnir voru haldnir til heiðurs Seifi og aðrir íþróttaleikir til heiðurs öðrum guðum. Pindar var ekki fyrsta skáldið sem samdi sigurdrápur af þessu tagi. Til eru brot eftir Ibýkos (frá sjöttu öld) og Símonídes (kr. 556-466). 14 drápur eftir Bakkylídes hafa varðveist í papýrusbrotum. Þær gegna þó óverulegu hlutverki í bókmenntasögunni, þar sem þær voru týndar allt til ársins 1896, þegar þær fundust í Egyptalandi, reyndar um það leyti sem Grímur þýðir Pindar. Það voru drápur Pindars sem höfðu áhrif á skáld seinni tíma.

Drápan er lýrískur kveðskapur, líklega flutt af kór og undirleikurum, ásamt dönsurum; hún nefnist því kórlýrík, til aðgreiningar hinni tegundinni af lýrík, sem var flutt af einsöngvara. Drápan var ýmist flutt í kjölfar sigurs á leikum, að talið er, eða eftir heimkomu sigurvegarans. Vitnisburður um tónlistina, dansinn, og flutninginn

16 Nýleg Loeb-útgáfa eftir William Race (1997) á varðveittum kvæðum og brotum Pindars hefur að geyma gagnlegan formála með tilvísunum í helstu ritverkin um Pindar. Nýlegt og aðgengilegt yfirlitsrit um skáldið er eftir Burnett (2008).

sjálfan hvarf mönnum snemma sjónum.<sup>17</sup> Ólympíuleikarnir nutu mestrar virðingar og hafa varðveist 14 Ólympíudrápur eftir Pindar. Sem fyrr segir tilheyrdi sigurvegararnir, og kaupendur kvæðanna, valdafjölskyldum og aðli á Grikklandi hinu forna; efnistökin voru sniðin að heimsmynd þeirra. Pindar fékk vel greitt fyrir list sína, að eigin sögn (*Pýþísk drápa* 1.90).

Lengri drápurar eru oft þrískiptar. Upphafið og niðurlagið er iðulega lofgjörð um sigurvegarann, borg hans, ætt og ágæti, tengsl hans eða borgarinnar við guddóminn. Miðkaflinn hefur oft að geyma godsögn sem tengist borg sigurvegarans. Gert er ráð fyrir þekkingu á godsögninni, enda aðeins greint frá hlutum hennar; hér eru bútar úr stærri sögum, sem innihalda sláandi smáatriði. Það er eins og skáldið lýsi smásmyglislega örlitlum fleti gríðarstórrar myndar sem hann telur alla þekkja til hlítar. Annað einkenni á skáldskap Pindars er að hann tekur siðferðilega afstöðu til atburða og frásagna. Þessi afstaða endurspeglar hugmyndir aristokratíunnar, ekki lýðsins. Loks má oft finna nokkur orð um flutning drápunnar og skáldið sjálft.

Málfar Pindars lét jafnvel einkennilega í eyrum samtíðarmanna hans, enda reyndist það torskilið frá fyrstu tíð. Það er einkenni á kvæðskapnum að skáldið skiptir oft skyndilega um efni, hættir við efni í miðjum klíðum, eins og því detti eitthvað nýtt í hug (sjá t.d. *Ólympíska drápu* 1.128-35). Þessi aðferð gefur til kynna að skáldið yrki á staðnum, eftir innblæstri. Annað einkenni er tíð notkun á myndhövrfum, stundum blönduðum, og alls kyns samlíkingum (svo sem í upphafi fyrstu ólympísku drápunnar). Tiltekið orð eða hugmynd ræður stundum ríkjum innan einstakra drápa, eins og hugmyndin um át gerir í fyrstu ólympísku drápunni. Einnig mætti nefna svokallað *priamel*, algengt stílbragð hjá grískum skáldum, sem er t.d. notað við upphaf fyrstu ólympísku drápunnar. Fyrst eru talin upp dæmi (tvisvar eða þrisvar) sem verða bakgrunnur meginefnisins. Orðaröð er æði flókin og mikið kveður að notkun á

17 Flestar eru drápurar samdar í þrenndarformi þar sem skiptast á strofa, andstrofa, eftirdrápa, þótt sumar séu erindarunur. Algengasti hátturinn er svokallaður *dactylo-epitritus*, sem sameinar daktýl (-UU, oft sem hálfá hexameturslínu -UU-UU-) og epitritus (-U-). Hinn algengi hátturinn er æólskur, mest samsettur úr jömbum og kórjömbum (U- og -UU-). Málið sjálft er að miklu leyti tilbúið skáldamál, samsetningur úr epísku skáldamáli Hómers, dórísku og æólsku.

margvíslegum stílbrögðum. Pindar var ljóslega undir töluverðum áhrifum frá Ílíonskviðu, Hesíodos og vafalaust glötuðum kviðum.

Parna má því finna í einu og sama kvæðinu lofgjörð, goðsagnir, bænir, hymna eða lofsöngva, heilræði, gildisdóma, íþróttalýsingar. Tilgangurinn er að gera sigurvegarann ódauðlegan með skáldskap, enda sé skáldskapurinn eina tækið sem geti hafið menn yfir dauðleikann. Ólíkum þáttum drápurinnar má blanda saman á ólíkan hátt en nokkrir þættir eru þó alltaf til staðar. Sögð eru deili á kappanum, hvaðan hann kemur og til hvaða sigurs hann vann. Pindar kemur öllum þessum upplýsingum fyrir á ólíka vegu, hvort heldur beint eða með misjafnlega skýrum tilvísunum, sem er einkenni á skáldskap hans. Oft eru ljóðin nefnd hymnar eða lofsöngvar (sem beinast að guðum), enda er stöðugt vísað til guða, ekki síst með bænum, sem eru venjulega við mörk tveggja efna innan drápurinnar. Heilræðin eru vel þekkt síðferðilegt forðabúr enda átti Platon eftir að leita mikið til Pindars.

Sigurdrápurinnar eru vitnisburður um mikilvægi ágætis þeirra aðalsmanna sem skara fram úr öðrum. Afrek á leikum jók hróður sigurvegarans, ættar hans og borgar. Þegar skáldið lofar sigurvegarann er þess iðulega gætt að minnast á dauðleika mannsins og hversu háður vilja og duttlungum guðanna hann er, einkum ef hann er valdamikill; því skuli hann forðast ofdramb og öfund guðanna. Skáldið hamrar á því að ekkert vinnist án erfiðis, án guðlegrar aðstoðar. Hann undirstrikar mikilvægi þess ágætis sem ekki verður lært en er meðfætt, einkum í íþróttum. Þær dyggðir sem hann boðar eru meðalhóf, reglufesta samfélagsins, samlyndi stétta og guðsótti. Frægustu orð Pindars eru þó vafalaust úr áttundu pýþísku drápunni, línur 95-97, en þessi drápa var líklega hans síðasta (frá 446):

ἐπάμεροι· τί δέ τις; τί δ' οὐ τις; σκιάς ὄναρ // ἄνθρωπος.

Hverfulu verur! Hvað (er) hver? Hvað (er) ekki hver? Draumur skugga // (er) maðurinn.

Gildin tilheyra greinilega aðalsveldi arkaíska tímans, sem var að hverfa á æviskeiði Pindars, frekar en þeim lýðræðishugmyndum sem við þekkjum einkum úr klassískri sögu Aþenu. Hann horfir til



fyrirmynda fortíðarinnar, hann er afturhald. Löngum hefur verið litið á ljóðin sem persónulega tjáningu skáldsins Pindars, eða allt frá rómantískum tíma. Þessi tjáning er þó alfarið háð kröfum þessa bókmenntaforms og viðtakenda kvæðanna, þar sem sigurvegarar eru lofaðir með trúarlegri og siðferðilegri hugtakanotkun fimmtu aldar aðals á Grikklandi.<sup>18</sup>

Sem bókmenntaform lifði drápan ekki sama lífi eftir Pindar og Bakkylídes, þó að varðveitt séu tvö brot eftir Kallímakkos frá 2. öld f.Kr.; hún var ekki lengur flutt heldur lesin. Það var viðfangsefnið og þó einkum stíllinn sem lifði, hinn innblásni og óræði, fullur af myndhvärfum. Þessi stíll eignaðist form, þar sem endurteknar voru mislangar línur, sem gaf til kynna óheftan skáldskap hins frjálsa anda. Í frægu kvæði sem Grímur þýðir brot úr segist Hóras ekki geta jafnast á við hinn háfleyga Pindar. Hann ber sig saman við forngríska skáldið og sýnir okkur muninn: annars vegar svanur, hins vegar býfluga. Þessi munur verður aftur grunnurinn að greinarmun endurreisnarinnar á pindarískum og óvidískum drápum. Þegar komið er fram á nýöld er það einkum enska 17. aldar skáldið Alexander Cowley sem er þekktur fyrir að hafa tekið sér Pindar til fyrirmyndar. Hann líkir eftir honum, en skrifar jafnframt: „Ef Pindar væri þýddur frá orði til orðs, yrði talið að hér hefði einn brjálæðingur þýtt annan.“<sup>19</sup> Hann líkti eftir því sem hann taldi vera innblásinn stíll með mislöngum línunum og stórfenglegu viðfangsefni; þetta varð sú merking sem pindarískur fékk. Hjá rómantísku skáldunum þýsku var Pindar í miklum metum. Meðal þýðenda hans var Goethe, sem dáðist að skáldinu, hversu torskilinn og djúpur hann væri. En frægust er glíma Hölderlins við skáldið. Hann þýddi Pindar orðrétt af ásetningi, beinlínis til að framandgera ljóðin á þýsku, sem hljómar fyrir vikið býsna undarlega.

Pindarsþýðingar hafa ákveðna sérstöðu í menningarviðleitni vestrænna manna á síðari öldum vegna þess að í þeim felst yfirlýsing um sérstakt erindi forngrískrar ljóðagerðar, hins erfiða, illskiljanlega og framandi kveðskapar. Athugum ásetning Gríms að þessu leyti.

18 Um þessa hlið mála, sjá Bundy (1986: 35). Verk Bundys er almennt talið eitt merkilegasta framlag nútímans til Pindarsfræða.

19 „If a man should undertake to translate Pindar word for word, it would be thought that one Mad man had translated another.“ Þessi orð úr formála Cowleys að *Pindarique Odes* frá 1656 má finna hjá Daniel Weissbort og Ástráði Eysteinssyni (2006: 124).

#### 4. Grímur: ásetningur og þýðingafraeði

Grímur tekur til við þýðingar sínar nokkru eftir að sól Pindars fer að hníga með undanhaldi rómantíkurinnar; undir aldamótin 1900 þótti hann helst til dulur og fjarlægur, illskiljanlegur og hátimbraður. Grímur er orðinn gamall maður á þessum tíma. Hann fór alls ekki dult með ástæður þýðinganna. Honum farast svo orð í formála að *Ljóðmælum* frá 1895, sem fæst reyndar að langmestu leyti við réttlætningu og útskýringu á því að þýða forngrísk kvæði:

En – um þýðingarnar úr forngrísku vildi eg geta þess, að mig langaði til að sýna þeim, sem amast við grískum bókmentum, líkast til af því, að þeir eru þeim lítt kunnugir, að kveðskapur Grikkja eigi stendur neinum nýrri kveðskap á baki, sem eg þekki til. Enginn getur fundið það betur enn sjálfur eg, hversu langt er frá því, að þýðingarnar nái frumkvæðunum, en þó þær séu fríar, hef eg þá von, að hinn gríski fegurðarandi hafi nokkurnveginn haldið sér, og að lesendurnir fái nokkra hugmynd um aðal og einkenni hins forna gríska skáldskapar. Sé svo, þá ætti það að nægja til að stöðva það frumhlaup, sem nú viðgengst hér á landi gegn grískum bókmentum og grískri túngu.<sup>20</sup>

Af orðum Gríms má ráða að hann hafi ekki þýtt úr grísku fyrir unnendur grískra bókmennta (sem væntanlega gætu notið þeirra á frummálinu), heldur þvert á móti gagnrýnendur þeirra, í menningarpólitískum tilgangi, til að tryggja að forngríska yrði áfram kennd í Lærða skólanum og stúdentar byggju þannig yfir þeirri þekkingu sem gerði þeim kleift að lesa forngrískar bókmenntir á frummálinu. Það er athyglisvert að nánast allur formálinn fæst við þýðingarnar úr forngrísku.

Í þýðingunum fór mest fyrir Pindar, sem fyrr segir. Um hann talar Grímur sérstaklega í eins konar skýringarljóði sem hann beinir til Jóns Þorkelssonar: „Íslenskað jeg aðeins hefi Pindar / yngri skáldunum til fyrirmyndar.“ Af þessum orðum að dæma vill Grímur gera kveðskap Pindars að fyrirmynd ungra íslenskra skálda, enda telur hann Pindar ekki standa neinu nútímaskáldi að baki. Þetta markmið er annað en hið fyrra, en ekki ósamrýmanlegt. En til

20 Grímur Thomsen (1895: iii-iv).

Þess að það sé samrýmanlegt þurfa ungu skáldin að eiga þess kost að lesa Pindar á forngrísku.

Hann heldur áfram ljóðtali sínu um Pindar og lofar hann mjög:

Eins og hann var allra háfleygastur,  
örninn skygni meðal fugla smærri,  
alt eins var hann greppa guðhræddastur,  
guða því að stöðvum flaug svo nærri.  
Upp á Ólympos gat hann gullna tinda  
gægzt, sem flestra mundi augu blinda.

...

Pindar þolir birtu sólar. Bera' hann  
breiðir vængir ljett um himin geima,  
eins og sjer hann, alt eins víða fer hann,  
á hann hverjum fjalls á tindi heima.  
Hóratíus hafði rjett að mæla,  
honum djörfung eftir er að stæla.

Grímur semur semsagt lofkvæði um Pindar þar sem hann hermir upp á hann þá eiginleika sem höfðu þótt prýða skáldið um aldir. Því næst vísar Grímur í kvæði Hórasar um Pindar (IV.2), sem hann þýðir einnig að hluta og styttnir reyndar:

Pindar af jöklum eins og elfur brunar  
ofan í vexti og hátt í gljúfrum dunar;  
beljar hann fram í þanka þungum straumi  
þrymjanda glaumi.

Svanurinn Dirku súginn arnar dregur,  
sig upp í loftið ofar skýjum vegur;  
býfluguvængjum ber eg mig að fljúga og  
blómin að sjúga.<sup>21</sup>

Hér eru þau komin svanurinn og býflugan. Í stuttu máli: Grímur taldi að forngrísk bókmenntaverk væru svo merkileg að þau

21 Svanur Dirku vísar til sjálfs Pindars, en Dirka er lind nálægt Þebu í Bööótíu, fæðingarstað skáldsins. Eins og yfirlesari bendir höfundur á notar Grímur athyglisverða nykrun þegar hann segir að gríski svanurinn dragi íslenskan arnsúg. Kannski væri réttlætunlegt að líta á þessa nykrun sem dæmi um framandgervingu.

verðskulduðu lestur – en það yrði að vera lestur á forngrískum textum. Skilningur krefðist frummálsins og þýðingarnar áttu að vera hvatning til að lesa textana á forngrísku, enda ætti alls ekki að leggja niður kennslu í málinu. Markmið Gríms var ekki að gera ljóðin að hluta af íslenskum bókmenntum. Þvert á móti vildi hann fá landa sína til að kynnst upprunatextanum, færa Íslendinga til Forngríkkja. Þetta vildi hann gera með því að gefa Íslendingum kost á innsýn í forngrískan bókmenntaheim, þótt sú sýn hlyti að vera takmörkuð.

Grímur tjáir sig eilítið um þýðingaraðferðir. Hann segist hafa ætlað að láta fylgja þýðingar úr Ilíonskviðu Hómers, eða Ilíonsdrápu, eins og hann kallar verkið, en bætir við:

...það er hvorttveggja að þessi drápa er Íslendingum áður kunn, enda fann eg brátt, að það er ekki mitt meðfæri, að þýða *drápur* – Hómers, eins og þær ættu að þýðast, sem sé *orðrétt og í bragarhætti frumkvæðisins*. Með því einu móti getur andi *Hómers* haldið sér. Að öðrum kosti breytist hinn þungi og lygni straumur, sem einkennir bæði Ilíons og Odysseifdrápuna. Þýðing SvB. Egilssonar á hinni síðari í óbundinni ræðu skal því reynast betri og skyldari frumkvæðinu, enn nokkur sú þýðing, sem yfirgefur sexstuðla bragarháttinn (hexametrum), þótt í bundinni ræðu sé. Alt öðru máli er að gegna með lýriskan kveðskap enn söguljóðin, hinn epíska kveðskap; hinn fyrri þolir stórum betur að breytt sé útaf bragarhætti.<sup>22</sup>

Grímur útskýrir ekki hvernig stendur á þessum mun, að epískan kveðskap verði að þýða í sama bragarhætti, en ekki lýriskan, sem megi þýða með öðrum bragarhætti. Ekki er heldur ljóst hvort krafan um orðréttu þýðingu eigi aðeins við um epískan skáldskap. Áður hafði hann sagst hafa þýtt lýriskan kveðskap frítt. Það mætti hæglega ráða af orðum hans að því frírri sem þýðingarnar séu, þeim mun fjarlægari séu þær frumkvæðunum enda er það skiljanlegt viðhorf. Einnig virðist hann halda að þrátt fyrir þennan ágalla – þetta gengisfall í flutningum á milli tungumála – voni hann að fegurðarandinn haldi sér og að lesendur nái að skynja hann. Hann útskýrir einnig í löngu máli hvers vegna hann þýði mest eftir Evripídes af grísku harmleikjaskáldunum og nefnir einkum tvennt.

22 Grímur Thomsen (1895: iv-v).

Annars vegar var Evripídes í mestum hávegum hafður af samtíðarmönnum sínum og Grímur tekur mark á því mati. Hins vegar er hann lýrískari en hin skáldin og kórsöngvar hans „ef svo mætti að orði kveða, söngvi skyldari en hinna beggja, og því léttari fyrir þýðandann enn hinn þungstígi Æschylos eða hinn heimspekilegi Sófókles.“<sup>23</sup> Það virðist vera því léttara að þýða kveðskap því lýrískari sem hann er.

Nú þekkti Grímur örugglega til rómantíska túlkunarfræðingsins Schleiermachers sem þýðanda Platons. Hann fjallar m.a.s. um hann í inngangi sínum að ritgerðinni um Platon.<sup>24</sup> Mér er ekki kunnugt um að hve miklu leyti Grímur var handgenginn heimspeki og hugsun Schleiermachers eða þeim hugmyndum um þýðingar sem settar voru fram í fyrirlestrinum „Um hinar mismunandi þýðingar- aðferðir“, sem var fluttur árið 1813 en birtist fyrst þremur árum síðar.<sup>25</sup> Það hlýtur þó að teljast líklegt að Grímur hafi haft vitneskju um þennan fyrirlestur eða innihald hans. Í honum útskýrir Schleiermacher þá skoðun sína að þýðandinn eigi ekki að færa höfundinn til lesandans, heldur lesandann til höfundarins, að textinn skuli framandgerður á þennan hátt, en ekki staðfærður eða endurskapaður; forngrískan ætti hreinlega að þekkjast af þýskunni. Við höfum áður minnst á Pindarsþýðingar Hölderlins en hann fylgdi forskrift Schleiermachers.

Schleiermacher hefur sérstæðar skoðanir á þýðingum og ólíklegt er að Grímur hefði samsinnt honum að öllu leyti. En þó hefði hann að líkindum verið sammála Schleiermacher um það að þýðingunni væri fyrst og fremst ætlað að afhjúpa heim frumtextans, veita innsýn í þann heim og þannig hafa áhrif á viðtakandann sem nokkurs konar útlending á ferðalagi á framandi slóðum.

23 Grímur Thomsen (1895: v).

24 Reyndar hæðist Grímur að honum, því hann segir í neðanmálsgrein: „Varð þó Schleiermacher fyrir slæmri útreið af hálfu hins nefnkennda málfræðings F. A. Wolfs sem gjörði Schl. þann grikk, að láta prenta eina síðu af Faidon á grísku, með þýðingu Schl.'s hins vegar, en öllum villunum með einkennu letri“ (Grímur Thomsen 2013:14n2).

25 Sjá Schleiermacher (2010).

Hugmyndir Schleiermachers spruttu úr frjóum jarðvegi.<sup>26</sup> Þýskar þýðingar frá átjándu og níttjándu öld voru margar hverjar næsta orðréttar. Þannig þýddi Voss Hómerskviður (1781 og 1793) eins orðrétt og hann gat. Skoðun Schleiermachers kom því ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti, heldur tjáði hún viðhorf sem í meginatriðum var nokkuð tryggt í sessi. Þýðingar Voss höfðu reyndar mikil áhrif á Sveinbjörn Egilsson, sem einnig þýðir lygilega orðrétt. Þýðingar Hölderlins á Sófóklesi og Pindar – eftirlæti Gríms – eru líklega með skýrustu dæmum um framandgervingu frá rómantíska tímanum.

Reyndar er athyglisvert hversu mikla áherslu Grímur leggur á að þýða Pindar, myrka skáldið sem enginn skildi, torræðasta skáld sögunnar.<sup>27</sup> Það virðist þó ljóst að honum þótti sem kvæði hans gætu bætt íslenskan kveðskap samtímans. Þessi sýn á mikilvægi Pindars, ásamt því viðhorfi að þýðandinn leiði lesandann inn í heim frummálsins, er hliðstæð ásetningi Hölderlins, sem reyndar hafði gengið miklu lengra en Grímur og þýtt Pindar nánast orðrétt án nokkurrar málamiðlunar.<sup>28</sup>

Á níttjándu öld var Schleiermacher talsmaður framandgervingar, sem að hans dómi átti að þjóna því hlutverki að auðga þýskar bókmenntir. Á síðustu áratugum hefur annar málsvari framandgervingar gert grein fyrir máli sínu, þótt vitaskuld á öðrum forsendum sé, en það er Lawrence Venuti. Hann vísar menningarlegri þjóðernishyggju Schleiermachers á bug en mælir reyndar ekki með neinni sérstakri þýðingaradferð annarri en þeirri að hafna gagnrýnislausri kröfu um þann læsileika sem gerir lesendum svo auðvelt fyrir að sú staðreynd gleymist, eða á að gleymast, að um þýðingu sé að ræða.<sup>29</sup>

26 Ástráður Eysteinnsson (1996: 75-80) gerir grein fyrir skoðunum Schleiermachers og segir m.a.: „Menn skynjuðu hversu mikilvæg samtímadeigla fólst í glímu þýðenda eins og Wilhelms von Humboldts, Johans Heinrichs Voss og Friedrichs Hölderlins við hin forngríska verk. Þarna mátti sjá kvika og gagnvirka sambúð hins rómaða hefðarveldis og bókmenntamáls sem var á frjóu mótunarskeiði“ (75-76).

27 Sjá Hamilton (2003).

28 Sjá Constantine (1978). Hölderlin galt þess reyndar, að mati Constantines, að hann var lítil filólóg: „Had Hölderlin been as great a classicist as he was a poet then something very extraordinary indeed would have come of his pushing always deeper into the literal meaning. But, as his detractors were pleased to point out, he did not have that scholarship, and probably his search for the basic meaning of a word could never be more than a lexical matter.“

29 Sjá Venuti (1995: 99-100, 148). Ástráður Eysteinnsson hefur fjallað um báða höfunda (1996: 76-82, 136-38).

## 5. Matið á verkunum

Um miðbik nítjándu aldar var Grímur upptekinn af íslenskum miðaldabókmentum, sem hann taldi kjarnann í norrænum bókmenntum. Í ritgerðinni „Um stöðu Íslands í Skandinavíu“ hvatti hann Skandínava til að læra íslensku:

Ef það er satt ... að það sé áriðandi fyrir offágunartíma vorn að nálgast náttúruna, að verða náttúrlegri, þá stendur það næst norrænni nútíð að snúa sér að þessum bókmenntum ... Það er náttúrlegast, að móðirin gefi sjálf börnum sínum brjóst í stað þess að láta þau í hendur þýzkum eða frönskum fósturum, þar sem þau hljóta annarlega næringu og sjúga einnig í sig erlenda lesti og galla.<sup>30</sup>

Hér á hann við íslenskar miðaldabókmenntir. Sem fyrr segir átti Grímur það til að bera norrænan skáldskap saman við forngrískan. Í þessari ritgerð gerir hann það líka:

Loks er hinn hreini norræni andi, sem er festa og þróttur, hreinskiptni og atorka ásamt þeirri efnisró, er skapar spennu, sem Grikkir þekktu ekki til, – það er að segja *kyrrleiksástríðu*, – og hennar er einungis hér að leita í alhreinni mynd.<sup>31</sup>

Svo mörg voru þau orð. Um hálfri öld síðar var Grímur orðinn töluvert opnari fyrir „annarlegri næringu“, eins og áður hefur komið fram, og telur reyndar ungskáld samtímans helst eiga að leita þeirrar annarlegu næringar sem felst í kveðskap Pindars.

Sigurður Nordal er á svipuðum slóðum um miðbik tuttugustu aldar og Grímur var um miðbik þeirrar nítjándu. Sýn hans á mikilvægi og stöðu íslenskra miðaldabókmennta er svipuð og hjá Grími.<sup>32</sup> Hins vegar er skoðun hans á þýðingum nokkuð önnur. Svo vill til að Sigurður tjái sig nokkuð um þýðingar Gríms, ekki síst á Pindar, og þann ásetning Gríms að kynna grískar fornbókmenntir.

Hann segir vonir Gríms um áframhaldandi kennslu í forngrísku hafa brugðist gersamlega. Þessi ásetningur þýðinganna varð að engu

30 Grímur Thomsen (1975: 48-49).

31 Grímur Thomsen (1975: 48).

32 Sjá rökstuðning Ástráðs Eysteinsonar (1996: 237-39).

– en voru þá þýðingarnar til einskis? Hann hyggst líta á kvæðin sjálf, „sem þýðingar og sem skáldskap“:

Við ummæli skáldsins, að þýðingarnar séu langt frá því að ná frumkvæðunum, mætti bæta, að sama á við um allar þýðingar og þó sérstaklega þýdd ljóð. Þau geta verið jafngóður skáldskapur frumkvæðunum, einstöku sinnum jafnvel betri, en þau verða aldrei *söm*. Samsvaranir tveggja tungumála eru miklu ófullkonnari en ráða mætti af orðabókum, og hver þýðandi verður með sjálfum sér að fara, þótt hann sé allur af vilja gerður að laga sig eftir frumhöfundi. Grími hlaut að vera sú aðlögun í erfiðara lagi, svo stirt sem honum var um kveðandi og tungutak hans sérstætt. Honum tókst því betur sem hann *íslenzkaði* kvæðin meir, svo sem í hinni snilldarlegu þýðingu *Integer vitae*, – eða þegar hann sótti einungis erlenda kveikju í kvæði sem hann frumorti að öðru leyti...<sup>33</sup>

Þessi skilningur Sigurðar á þýðingum er athyglisverður.<sup>34</sup> Kvæðin eiga að vera staðfærð, endursamin, innblástur að íslensku kvæði. Að hans mati var Grímur varla þess umkominn að veita íslenskum lesendum þá sýn inn í grískan bókmenntaheim sem yfirfærði textann þannig að hann gæti heillað þá eins og um forngrískan texta væri að ræða. Hitt er annað mál að enda þótt Grímur væri illa fallinn til þessa verks, þá væri það í raun og sannleika varla á færi nokkurs þýðanda.

Sigurður taldi að Grímur hefði átt að *staðfæra* grísku kvæðin og jafnvel nota þau einungis sem innblástur til að yrkja íslensk ljóð handa Íslendingum. Sem sagt: Ásetningi Gríms er einfaldlega vísað á bug, enda vitleysa. Grímur átti hvorki að þýða né gat hann þýtt í samræmi við ásetning sinn, sem er Sigurði ljós, enda bætir hann við:

33 Sigurður Nordal (1969: 45-46).

34 Hann samdi ritgerðina „Þýðingar“, *Skírnis* 1 (1919), 40-63. Sú ritgerð snerist fyrst og fremst um þýðingar sem mikilvægan þátt í alþýðumenntun. Þar sýtir hann reyndar hversu einhæfar íslenskar bókmenntir séu (50), mest skáldskapur og sagnfræði. Reyndar segir hann líka um hættuna af skorti á þýðingum: „Hættan virðist vera sú, að meiri partur þjóðarinnar skiftist smátt og smátt í þrjá flokka. Þá, sem ekkert lesa, nema dagblöðin. Þá, sem lesa tómt skran af versta tæi, dálkasögur blaðanna og annað þaðan af verra, svo sem bækur frá auðvirðilegustu útgefendum Dana, sem seldar eru hingað í stórkaupum. Og loks þá, sem reyna að una sér við þjóðlegu bókmenntirnar og loka sig úti frá öllum áhrifum umheimsins, eins og af ótta við að annars rjúfist skjaldborg þeirra.“ (51). Greinin er skrifuð eftir lok fyrri heimsstyrjaldar.



Sá tilgangur, sem Grímur kveður hafa vakað fyrir sér, réð meira en skyldi um val kvæðanna. Hann hugsaði stundum helzti mjög um það, hvað mest hefði verið metið af Grikkjum sjálfum, fremur en hvað bezt væri fallið til þess að gera úr því góðan skáldskap handa Íslendingum. Niðurstaðan varð sú, að þessum grísku fornkvæðum var gíkkslega tekið og fundið flest til foráttu af þeim gagnrýnendum, er dæmdu þau sem þýðingar með samanburði við frumkvæðin, – og mikið af þeim hefur orðið jafnvel góðum lesendum dauð blaðafylli.<sup>35</sup>

Af þessum sökum sleppir Sigurður „allmiklu af grísku fornkvæðunum í þessari útgáfu“ enda finnst honum allt of mikið fyrir þeim fara í *Ljóðmælum* frá 1895. Að auki telur hann að þessar þýðingar hafi hreinlega komið illu orði á kveðskap Gríms og „fælt fólk frá því að kynnast hinu, sem betra er – og sumt afbragð.“<sup>36</sup> Verstar eru þýðingarnar á *Pindar*:

*Pindar* var í fornöld svo mikils metinn ... að Grími hefur fundizt sér skylt og orðið það metnaðarmál að þýða allmikið af drápum hans. En öllum þeim, sem bezt þekkja til, kemur saman um, að kvæði Pindars séu flestum öðrum torlesnari á frummálinu og með öllu óþýðanleg á aðrar tungur, svo að verði nema svipur hjá sjón ... Varla er neinum láandi sem hafa byrjað að lesa grísku fornkvæðin í *Ljóðmælum* 1895 frá upphafi og í rétttri röð, þó að Fjórða pypíska drápan, sem er hvorki meira né minna en 53 erindi, hafi orðið þeim sá Leggjabrjótur, er gerði þá deiga eða jafnvel afhuga því að halda lengra. Ekki er þessu með öllu ólíkt farið með kaflana úr *harmleikunum*.<sup>37</sup>

Sigurður sér þó eina bjarta hlið á þýðingunum, sem tengist vissulega ásetningi Gríms:

Grímur hefur með þeirri gjörhygli, sem af honum mátti vænta, hyllt til að velja kvæðin með það í huga að þau veittu sem fjölbreyttasta innsýn í hugarheim Forn-Grikkja, – hina ríku orlagatrú, andstæður bjartsýni og bölsýni í lífsskoðun, vægðarlausu glöggskyggni á mannlegt eðli, náttúruskyn o.s.frv.<sup>38</sup>

35 Sama rit, 46.

36 Sama stað.

37 Sama rit, 46–47.

38 Sama rit, 48.

Að sumu leyti hefur Grími því tekist það sem hann ætlaði sér, þó að þýðingarnar séu slæmar, enda ekki um raunverulega íslenskun grísku fornkvæðanna að ræða. Athugum nánar sýn Sigurðar á þýðingar og kjarnann í gagnrýni hans á Grím.<sup>39</sup>

Grímur þýddi ljóðið *Integer vitae* (I.22) eftir Hóras. Sigurður hrósar þýðingunni og segir snilldarlega. Þýðingin eða öllu heldur íslenskunin, sem öllu virðist skipta, felst fyrst og fremst í því að fyrir klassísk eiginnöfn eru komin íslensk, sem hafa allt annað umtak, þó að sumum eiginnöfnum sé einfaldlega sleppt. Hóras beinir orðum sínum til manns sem heitir Fuscus; ávarpið og nafnið er horfið hjá Grími. En fyrir Syrteassa á strönd Afríku er komið Ódáðahraun. Kákasusfjallgarðurinner Vatnajökull og Hydaspesfljótið á Indlandi Kaldakvísl. Elskan Lalage er Helga. Dánúsveitin er Eiðar, land Júba (Númidía), sem elur ljónin á söndum, verður Serkland, sem vænta má, en einnig Bjarmaland. Loks blandar Grímur Svíþjóð og Syrgisdali við ónefnda staði.

Við vitum hvers vegna Grímur þýddi grísku fornskáldin. Hann vildi fá aðra til að lesa þau á frummálinu. Hvað segir hann um eigin aðferð? Hann segist sjálfur hafa þýtt ófullkomlega og frítt en þó vonað að gríski fegurðarandinn hefði haldið sér – „og að lesendurnir fái nokkra hugmynd um aðal og einkenni hins forna gríska skáldskapar“. Jón Þorláksson er eins konar viðtakandi þýðinganna og gerir grein fyrir viðhorfi Gríms til þýðinga í útgáfunni frá 1906; greinargerð hans var endurbirt 1934.<sup>40</sup> Þaðan er líklega komin sú skoðun sem getur að finna hjá Sigurði Nordal:

... kveðskapur Gríms varð norrænn og þjóðlegur. Hann gat ekki orðið öðruvísi ... Kynning hans af skáldritum annarra þjóða gat því varla haft önnur áhrif á hann en til þess að leiðbeina smekk hans í fyrstu og frjónvga hugtún hans. Votta og þetta þýðingar hans margar hverjar úr öðrum málum. Hann víkur þeim við, máir út alt það útlenda, og snýr því upp á Ísland og setur á þær svo mikinn íslenzkubrag, að kvæðin eru í þýðing hans orðin miklu líkari honum sjálfum en frumhöfundinum, svo að hann gat stundum eins vel markað þær undir sitt mark.

39 Um þetta efni hefur Ástráður Eysteinnsson fjallað (1996: 235–44).

40 Jón Þorláksson (1934: xxxiv–xxxv).

Hér er vísað til þeirra dyggða Gríms sem Sigurður fann í þýðingunni á *Integer vitæ*. Jón nefnir um þetta nokkur dæmi en segir loks: „Það getur vitanlega verið nokkurt umtalsmál, hvernig þýða eigi, laust og víkja við, eða fast og þræða orðin sem mest.“<sup>41</sup> Síðari þýðingaradferðin er við hæfi, vilji þýðandinn *sýna* kveðskap. En vilji hann gera þýðingar sem gagnlegastar og skiljanlegastar þjóðinni,

þá þarf að laga þýðingarnar sem mest eftir hugsunarhætti og skilningi þeirrar þjóðar og gera þær henni sem eiginlegastar, svo að hún finni sem minst til þess, að ekki sje frumkveðið, og það mun Grímur hafa talið mest vert.<sup>42</sup>

Nú virðist manni tilraun Gríms, með þýðingum hans á Pindar, vera allt önnur en Jón segir: Grímur vill auðga Íslendinga með þeim hugsunarhætti sem má finna í forngrískum bókmenntum. Hann vill einmitt ekki staðfæra Pindar, enda vonlaust verk, heldur „sýna kveðskap“ hans, til þess að lesendur skilji mikilvægi grískunnar og hætt verði við að leggja grískunámið niður.

Það er rétt hjá Sigurði Nordal að grískuþýðingum Gríms var tekið dræmlega. Til dæmis sagði Sigfús Blöndal í *Sunnanfara* um Ljóðmæli frá 1895:

... margar af þessum þýðingum eru því miður ekki neitt sérlega vel af hendi leystar, og gefa mönnum tæplega nægilega hugmynd um hinn glæsilega og aðdánlega skáldskap Grikkja. Fyrst og fremst er ekki sem heppilegast valið: þýðandinn hefir t.d. tekið alt of mikið eptir Pindar ... Pindari er þannig varið, að til þess að skilja hann vel og hafa ánægju af, þarf maður að vera gagnkunnugur goðasögum og lífi Grikkja ... Já, ekki held ég að yngri skáldin muni taka sér Pindar til fyrirmyndar... Einkum er það eitt sem er afleitt, og spillir mjög miklu hjá þýðandanum. Hann er sem sé alt of mikill Íslendingur ... Hann þýðir t.a.m. fjölda af kvæðum undir íslenskum þjóðlögum ... og gætir ekki að því, að á þennan hátt tekst honum að flæma burt allan grískan blæ af kvæðunum ... Kvæðin eru grísk og verða grísk og maður á að láta útlendan (grískan) blæ vera á þeim, og bragarhætti þeirra ... hann rífur hinn glæsilega gríska

41 Sama rit, xxxv.

42 Sama stað.

skarlatsbúning burt af kvæðunum, og færir þau í móleita íslenska duggarbandspeisu.“<sup>43</sup>

Pindar er vitaskuld alltof framandi, en það sem vekur athygli er gagnrýni Sigfúsar á notkun íslenskra bragarhátta í stað grískra. Sigfús álítur hana vera ein verstu mistök Gríms og jafnframt viðleitni til að íslenska ljóðin í stað þess að flíka framandleika þeirra.<sup>44</sup>

Mér sýnist Kristján Árnason vera á svipuðum slóðum og Jón Þorkelsson sem og Sigurður Nordal í grein sinni um þýðingar Gríms úr grísku, enda segir hann í framhaldi af umfjöllun sinni um skoðanir Jóns á þýðingum Gríms:

Það er ljóst að Grímur var ekki með þessum þýðingum sínum einungis að opna glugga inn í fornöldina til að svala forvitni manna um það hvernig þá hefði verið ort, glugga sem þeir gætu svo lokað aftur, margs vísari um framandi ljóðagerð og hugsunarhátt, heldur ætlaðist hann til að þýðingarnar lifðu með þjóðinni sem þáttur í hennar eigin listsköpun og yrðu til að móta stíl og viðhorf yngri og upprennandi skálda.<sup>45</sup>

Hér sýnist mér gleymast markmið Gríms, a.m.k. með þýðingunum á Pindar: að halda á lofti mikilvægi þekkingar á forngrísku, getunni til að lesa forngrísku, sem stóð og féll með kennslunni í Lærða skólanum. Kristján Jóhann Jónsson tekur í sama streng og Kristján Árnason og segir að Grímur hafi sótt til útlendra ljóða „til þess að endurskapa erlendan bókmenntaarf á íslensku.“<sup>46</sup> Hann tekur dæmi af „Jólanótt á Hafnarskeiði“, sem ber undirtítilinn „Íslenzkur Tam o' Shanter“: „Kvæði Gríms er alls ekki þýðing. Frekar mætti tala um tilvísun til kvæðis Burns því að aðstæður í kvæði Gríms eru íslenskar.“<sup>47</sup> Þessi gerð íslenskunar minnir svolítið á þýðingu Gríms á *Integer vitae* Hórasar. En varla var þetta ásetningur Gríms þegar hann þýddi Pindar.

43 Sigfús Blöndal (1895).

44 Þetta er athyglisverð gagnrýni. Í örstuttri ritfregn sem birtist sama ár, 1895, tekur Finnur Jónsson í sama streng (1895: 156): „Þýddu kvæðin eru flest útlögð úr grísku, en þar er mart að finna, einkum þó hvað herfilega íslenska bragi skáldið hefur stundum leyft sér að klæða hin fögru grísku kvæði í. Ef ekki er hægt að þýða þau öðruvísi, er bezt að ganga frá því.“

45 Kristján Árnason (2004: 410).

46 Kristján Jóhann Jónsson (2014: 215).

47 Sama rit, 216.

Þær þýðingar eru ekki staðfærsla nema að litlu leyti og ekki íslenskun í skilningi Sigurðar Nordals og Jón Þorkelssonar. Grímur umturnar til dæmis ekki öllum erlendum eiginnöfnum í íslensk, þótt hann geri það vissulega stundum. Hann notar framandi eiginnöfn og vísar til framandi goðsagna. Það er einmitt þess vegna sem þær ganga ekki upp, að mati Sigurðar. Kristján Árnason fylgir að nokkru leyti skoðun Jóns og Sigurðar:

...það að stytta ýmist eða lengja kvæðin með því að fella úr eða þrjóna aftan við, líkt og honum finnist frumkvæðið annaðhvort ekki nógu meitlað eða að eitthvað sé þar vansagt. Þetta má svo sem telja kenjar Gríms en jafnframt vott þess að hann er með þýðingum sínum ekki síður að koma einhverju frá sjálfum sér á framfæri en að þjóna öðrum, og láti honum það hver sem vill. En það segir sig sjálft að Grímur velur ekki til þýðingar kvæði af handahófi heldur einmitt þau sem eru honum hugstæð og segja það sem honum liggur á hjarta sjálfum, en hér þarf þó ekki að vera um beinan boðskap að ræða heldur einhver gildi sem hann vill halda á loft eða einhvern anda sem hann vill seiða fram.<sup>48</sup>

Þýðingar Gríms á kórsöngvum notast iðulega við rím, sem kemur ekki fyrir í forngrísku kvæðunum. Er þessi viðleitni dæmi um íslenskun? Hann notar sama hátt og í Rímum af Búa Andríðssyni, sem hann kann að hafa fengið frá Don Juan eftir Byron.<sup>49</sup> Kristján segir:

...frásagnarþátturinn er yfirleitt stytur að mun og einfaldaður, enda um goðsagnir að ræða, yfirleitt ókunnar íslenskum lesendum, en um spekiyrði og ályktanir eru því öfugt farið – þar vill þýðandinn bæta í og sumt af því

48 Kristján Árnason (2004: 410). En varla á þessi skoðun við Pindarsþýðingarnar? Kristján undrast einnig hversu ónákvæmur þýðandi Grímur er, jafnvel þegar hann þýðir undir ræðulagi (jambísku trímetri). Kristján kafar dýpra og spyr hver þessi gildi séu. Hann varpar fram þeirri hugmynd að þau séu rómantísk, og styðst þar að hluta við skoðun Nordals á höfundareinkennum Gríms. Andlegur bakhjarl Gríms er rómantískt hughyggjukerfi Hegels. Hann hafnar og fyrirlítur efnishyggju. Hins vegar snýr hann baki við þeim sérnorrænu gildum sem hann boðar um miðja öldina: Hinn norræni maður er sinn eigin herra og ekki ofurseldur valdi guðanna, eins og Grikkir. Kristján Árnason setur fram eftirfarandi tilgátu: Grímur þýðir ekki samtímamenn sína, heldur einkum elstu fulltrúa rómantíkur, Goethe, Schiller, Byron. Þá þýðir hann Forngríkkina í beinu framhaldi af því að þýða þessi skáld. Og hann telur að Forngríkkirnir hafi haft allar þær dyggðir sem hann hafði fyrirum eignað íslenskum miðaldakúltúr andstætt grískum.

49 Sjá Svein Yngva Egilsson (1999: 151-52).

eftirminnilegasta í þýðingunum á sér ekki beina samsvörun í frumtextanum en er fremur einskonar útfærsla á því sem þar er gefið í skyn.<sup>50</sup>

Hvernig þýðir Grímur Pindar? Hrapallega, eins og Sigurður og Sigfús sögðu, af því honum mistókst staðfærslan? Listilega, af því honum tókst staðfærslan, eins og Kristján lætur í veðri vaka? Sjálfur hef ég hér haldið því fram að Grímur hafi alls ekki verið staðfærsla í hug, heldur miklu frekar framandgerving; sjálft viðfangsefnið væri þess eðlis. Að neðan gefur að líta þýðingu Gríms á fyrstu ólympísku drápunni, ásamt frumtexta og orðréttri þýðingu. Efnið sjálft var ekki síður framandlegt undir lok 19. aldar en um okkar mundir. Það mætti segja með nokkrum rétti að þýðingar Gríms væru ekki nákvæmar ef borið er saman við ofurnákvæmar prósa-þýðingar Sveinbjarnar á Hómerskviðum. En þó komast þær furðulega nærri frumtextanum af bundnum þýðingum að vera. Grímur sleppir í raun ekki miklu og bætir enn minna við. Hann notar fornt íslenskt skáldamál í hófi. Bæði hátturinn og rímið er hins vegar fjarri grískunni.<sup>51</sup>

50 Kristján Árnason (2004: 410).

51 Textinn fylgir útgáfum eftir Snell og Maehler (Teubner 1987) og Race (Loeb 2012).

## ÓLYMPÍSK DRÁPA I

Handa Híeron frá Sýrakúsu, sigurvegara kappreiða 476 f.Kr.

Grískur texti ásamt orðréttri þýðingu

Þýðing Gríms

### Strófa 1

Ἄριστον μὲν ὕδωρ, ὃ δὲ χρυσὸς αἰθόμενον πῦρ  
 ἄτε διαπρέπει νυκτὶ μεγάνορος ἔξοχα πλούτου·  
 εἰ δ' ἄεθλα γαρούεν  
 ἔλδεται, φίλον ἦτορ,  
 μηκέτ' ἀελίου σκόπει (5)  
 ἄλλο θαλπνότερον ἐν ἀμέρᾳ φαεν-  
 νὸν ἄστρον ἐρήμας δι' αἰθέρος, (6)  
 μηδ' Ὀλυμπίας ἀγῶνα φέρτερον αὐδάσομεν·  
 ὄθεν ὁ πολύφατος ὕμνος ἀμφιβάλλεται  
 σοφῶν μητίεσι, κελαδεῖν  
 Κρόνου παῖδ' ἐς ἀφνεῖαν ἰκομένους (10)  
 μάκαιραν Ἴερονος ἐστίαν,

Best er vatnið. Eldar Ægis lýsa  
 öllu skarti hjartar hauks á ströndum.  
 Kappleik með því skáldi er skylt að þrísá,  
 – skærast ljósa sól er yfir löndum –  
 af öðrum leikir Ólympíu bera,  
 ýmninn þeim til lofs skal kveðinn vera,

Best er vatn, en gull eins og logandi eldur  
 að nóttu ber glæstur af auði aðals. En  
 viljir þú, mitt hjarta, kveða um keppni,  
 leitaðu ekki frekar annarrar stjörnu en  
 sólar sem skín varmari á daginn um auðan  
 himin og segjum enga leika meiri en  
 Ólympíu. Þaðan umvefur margfrægur  
 lofsöngur vísdóm skáldanna, sem komið  
 hafa að kyrja Kronosson til hins auðuga  
 og sæla arins Híerons,

### Andstrófa 1

θεμιστεῖον ὃς ἀμφέπει σκάπτων ἐν πολυμήλῳ  
 Σικελίᾳ δρέπων μὲν κορυφᾷς ἀρετᾶν ἄπο πασῶν,  
 ἀγλαΐζεται δὲ καὶ  
 μουσικᾶς ἐν ἀώτῳ, (15)  
 οἷα παίζομεν φίλαν  
 ἄνδρες ἀμφὶ θαμὰ τράπεζαν. ἀλλὰ Δω-  
 ρίαν ἀπὸ φόρμιγγα πασσάλου (17)  
 λάμβαν', εἴ τί τοι Πίσας τε καὶ Φερενίκου χάρις  
 νόον ὑπὸ γλυκυτάταις ἔθηκε φροντίσιν,  
 ὅτε παρ' Ἀλφεῶ σῦτο δέμας (20)  
 ἀκέντητον ἐν δρόμοισι παρέχων,  
 κράτει δὲ προσέμειξε δεσπότην,

og syni Kronos's, Híerons í höllum  
 harra rjettvíss Sikileyjar þjóða;  
 les hann blómin beztu' af drengskap öllum.  
 Boðnar ann hann flóði' og smíðum ljóða.  
 Hans á bekkjum höfum synir Braga  
 heldur en ekki lífað glaða daga.

sem ræður lögsprotu í hinni fjárauðugu  
Síkiley, öðlast hámark hvers ágætis og er  
vegsamaður í bestu sönglistinni, slíkri  
sem við mennirnir gerum að leik og  
flytjum oft umhverfis vinarborð. Tökum  
dóríska lýru af snaga, ef dýrð Písu og  
Fereníkoss hefur að sönnu selt huga þinn  
sætustu hugsunum, þegar hesturinn  
skeiðaði viljugur meðfram Alfeos í  
reiðunum og batt sigurvaldinu húsbónda  
sinn,

Alfeifs var það yndi' að sjá á bökkum  
undir Hieróni Sigurgjafa  
öllum Grikklands fara fram úr blökkum,  
fákinn þurfti' ei svipu við að hafa;  
Hieróni ljedi hann limu fljóta,  
ljet hann reiðmennskunnar góðu njóta.

## Eftiróður 1

Συρακόσιον ἱπποχάρ-  
μαν βασιλῆα· λάμπει δέ οἱ κλέος (23)  
ἐν εὐάνορι Λυδοῦ Πέλοπος ἀποικία·  
τοῦ μεγασθενῆς ἐράσασατο Γαίαρχος (25)  
Ποσειδῶν, ἐπεὶ νιν καθαροῦ λέβη-  
τος ἔξελε Κλωθῶ, (26)  
ἐλέφαντι φαίδιμον ὄμον κεκαδμένον.  
ἧ θαύματα πολλά, καὶ πού τι καὶ βροτῶν  
φάτις ὑπὲρ τὸν ἀλαθῆ λόγον (28b)  
δεδαϊδάλμενοι ψεύδεσι ποικίλοις (29)  
ἐξαπατῶντι μῦθοι. (29)

Pelops' einnig nýbygd hennar nýtur. –  
Nýfæddur með ökl úr fílabeini  
Pelops kom úr kerlaug mjallahvítur,  
konungur fjekk lagar ást á sveini. –  
Þangað til er sagan sönn, en annað  
sumt er hugarburður skáldmælanna.

hestunnandi konung Sýrakúsu. Frægðin  
skín honum í göfugra manna nýlendu  
hins lýdíska Pelops. Af honum varð  
Poseidon láðvaldur ástfanginn, þegar  
Klóþó hafði dregið hann úr hinum hreina  
katli skryðdan öxl af skínandi fílabeini.  
Víst eru undrin mörg og þó blekkja  
einnig í manna máli (tel ég) sagnir  
handan sannleikans skreyttar skrautlegum  
lygum.



## Strófa 2

Χάρις δ', ἄπερ ἅπαντα τεύχει τὰ μείλιχα θνατοῖς,  
(30)

ἐπιφέροισα τιμὰν καὶ ἄπιστον ἐμήσατο πιστόν  
ἔμμεναι τὸ πολλάκις·

ἀμέραι δ' ἐπίλοιποι  
μάρτυρες σοφώτατοι.

ἔστι δ' ἀνδρὶ φάμεν εὐκοῦς ἀμφὶ δαι- (35)

μόνων καλὰ· μείων γὰρ αἰτία. (35)

νιῆ Ταντάλου, σὲ δ' ἀντία προτέρων φθέγγομαι,

ὅπότε' ἐκάλεσε πατὴρ τὸν εὐνομώτατον

ἔς ἔρανον φίλαν τε Σίτυλον,

ἀμοιβαῖα θεοῖσι δεῖπνα παρέχων,

τότ' Ἀγλαοτρίαιναν ἀρπάσαι, (40)

Karis, sem smíðar allt hið ljúfa handa  
dauðlegum verum, færir heiður og gerir  
hið ótrúlega löngum trúverðugt. En  
ókomnir dagar eru vitrustu vitnin. Það  
hæfir manni að tala vel um guðina, því  
sökkin er síðri. Sonur Tantaloss, um þig  
mun ég tala, ófugt við forvera mína, að  
þegar faðir þinn bauð guðunum til hinnar  
best bínu veislu og til hans eigin Sípyloss  
og endurgalt málsverði þeirra, þá greip  
þig guð hins skínandi þríforks,

## Andstrófa 2

δαμέντα φρένας ἡμέρω, χρυσέαισι τ' ἄν' ἵπποις  
ἕπατον εὐρυτίμου ποτὶ δῶμα Διὸς μεταβάσαι·

ἔνθα δευτέρω χρόνω

ἦλθε καὶ Γανυμήδης

Ζηνὶ τωῦτ' ἐπὶ χρέος. (45)

ὡς δ' ἄφαντος ἔπελες, οὐδὲ ματρὶ πολ-

λά μαιόμενοι φῶτες ἄγαγον, (46)

ἔννεπε κρυφῶ τις αὐτίκα φθονερῶν γειτόνων

ῥόδατος ὅτι τε πυρὶ ζέοισαν εἰς ἀκμάν

μαχαίρα τάμον κατὰ μέλι,

τραπέζαισι τ' ἀμφὶ δεύτατα κρεῶν (50)

σέθεν διεδάσαντο καὶ φάγον.

Þokkinn, sem á stundum snáka felur  
í snildar ham og rotnum blómum þekur,  
oft um lygar trúna manni telur,  
tímans reynsla það á síðan hrekur.  
Skal um guði góðu einu trúa,  
gumar sjer með þessu í haginn búa.

Aðra lýðum sögu', en sögð var áður,  
af syni Tantalosar mun jeg bjóða: –  
Eitt sinn veizlu guðir góða þáðu  
hjá glöðum Tantalosi Lýða þjóðan.  
Mun þá Ægir, eitthvað lítið hreifur  
aðhafst hafa líkt og fyrrum Seifur.

Eins og föður guða' a' Ganymedi  
geðjást, fór Ægi' að þessu sinni,  
Pelops upp til himins hefja rjedi,  
hafði' hann burt á laun frá móðurinni.  
Ámælið við tíva síðan toldi,  
að Tantal's hefðu bergt á sonar holdi.

með huga ofurliði borinn af þrá og flutti á gylltum hestum til hæstu húsakynna hins víðmetna Seifs. Þangað kom einnig Ganymedes síðar til sömu þjónustu Seifi. Þegar þú hvarfst og menn færðu þig ekki móður þinni þrátt fyrir mikla leit, þá sagði strax einhver hinna ófundsjúku nágranna heimulega að þeir hefðu skorið þig lim fyrir lim með hnífi í bullsjóðandi vatn yfir eldi, að síðustu skipt holdi þínu milli borða og etið.

## Eftiróður 2

ἐμοὶ δ' ἄπορα γαστρίμαρ-  
 γον μακάρων τιν' εἰπεῖν· ἀφίσταμαι·  
 ἀκέρδεια λέλογγεν θαμινὰ κακαγόρους.  
 εἰ δὲ δὴ τιν' ἄνδρα θνατὸν Ὀλύμπου σκοποῖ  
 ἐτίμασαν, ἦν Τάνταλος οὔτος· ἄλ- (55)  
 λὰ γὰρ καταπέψαι (55)  
 μέγαν ὄλβον οὐκ ἔδυνάσθη, κόρῳ δ' ἔλεν  
 ἄταν ὑπέροπλον, ἄν τοι πατήρ ὕπερ  
 κρέμασε καρτερὸν αὐτῷ λίθον, (57b)  
 τὸν αἰεὶ μενοιῶν κεφαλᾶς βαλεῖν (58)  
 εὐφροσύνας ἄλλαι. (58)

Átvagla með nafni guði' að niða,  
 neinn ei láti slíkt um munn sjer fara,  
 illmælgí mun síðar höldum svíða,  
 sjálfur skal jeg mig á slíku vara.  
 Munið nefndan varla vísi heyra,  
 en virtu guðir Tantalosi meira.

Mér er um megn að segja nokkurn hinna sælu átvagl. Ég hörfá. Oft er fátækt hlutskipti rógberans. Ef verðir Ólymposs hafa í raun heiðrað einhvern dauðlegan mann, var sá Tantalos. Hins vegar gat hann ekki melt hina miklu hamingju sína og vegna offylli sinnar hlotnaðist honum yfirþyrmandi ógæfa, sem Faðirinn hengdi yfir hann, gríðarlegan stein, sem hann þráir ávallt að henda frá höfði sér og glatar gleðinni.

### Strófa 3

ἔχει δ' ἀπάλαμον βίον τοῦτον ἐμπεδόμοχον  
μετὰ τριῶν τέταρτον πόνον, ἀθανάτους ὅτι κλέψαις  
(60)

ἀλίκεσσι συμπόταις  
νέκταρ ἀμβροσίαν τε  
δῶκεν, οἷσιν ἄφθιτον

θέν νιν. εἰ δὲ θεὸν ἀνῆρ τις ἔλπεται

<τι> λαθέμεν ἔρδων, ἀμαρτάνει. (64)

τοῦνεκα προῆκαν υἱὸν ἀθάνατοί οἱ πάλιν (65)

μετὰ τὸ ταχύποτμον αὐτίς ἀνέρων ἔθνος.

πρὸς εὐάνθεμον δ' ὅτε φυνά

λάχαι νιν μέλαν γένειον ἔρεφον,

έτοῖμον ἀνεφρόντισεν γάμον

Frekur þoldi maður eigi mátið,  
misti fyrir hvinsku guða hylli;  
þeirra tók hann matinn munns og -gátið,  
miðlaði' af því vinum sínum fylli,  
út hann eilíf gjöldin glæpa tekur,  
guð fær brotum leyndan enginn sekur.

Ódauðlegur sendi sævar drottinn  
son hans aftur skammlífis í heima.  
Þegar úlfa grenni grön var sprottin,  
girnist hann að festa þellu seima,  
Hipp'dameju, dóttur göfugs vísa  
drótta þeirra', er lindin svalar Písa.

Hann hefur þetta hjálparvana líf  
linnulausra rauna, fjórða þrautin á eftir  
þremur, því hann stal af hinum ódauðlegu  
nektar og ambrósíu, sem þeir gerðu hann  
eilíffan með, og gaf drykkjufélögum  
sínum. Ef einhver maður vonar að  
eitthvert verk hans fari framhá guði,  
skjöplast honum. Þess vegna sendu hinir  
ódauðlegu son hans aftur til hins  
skammlífa kyns mannanna. Við  
ungdómsblómann, þegar hjungurinn  
huldi dekkta vanga, fór hann að hugleiða  
hjórnaband sem til boða stóð,

### Andstrófa 3

Πισάτα παρὰ πατρὸς εὐδοξὸν Ἴπποδάμειαν (70)

σχεθέμεν. ἐγγυς ἑλθὼν πολιᾶς ἄλὸς οἴος ἐν ὄρφνῃ

ἄπυεν βαρύκτυπον

Εὐτρίαιναν· ὁ δ' αὐτῷ

πᾶρ ποδὶ σχεδὸν φάνη.

τῷ μὲν εἶπε: 'Φίλια δῶρα Κυπρίας (75)

ἄγ' εἶ τι, Ποσειδαον, ἐς χάριν (75)

τέλλεται, πέδασον ἔγχος Οἰνομάου χάλκεον,

ἐμὲ δ' ἐπὶ ταχυτάτων πόρευσον ἀρμάτων

ἐς Ἄλιν, κράτει δὲ πέλασον.

ἔπει τρεῖς τε καὶ δέκ' ἀνδρας ὀλέσαις

μναστῆρας ἀναβάλλεται γάμον (80)

Í húmi til hins gráva gekk hann sjávar,  
á græði skoraði' hann enn dimmraddaða: –  
»Þú, sem yfir báruur ekur bláar,  
blakka ljáðu mjer nú vængjaraða  
til Elis, og af Oinomásar sprjóti  
oddinn brjóttu, svo hann þess ei njóti.

að vinna hina frægu Hippodameiu frá Písu af föður hennar. Hann kom nær gráu hafinu einn í myrkrinu og kallaði á hinn djúpómandi guð hins góða þríforks. Sá birtist rétt við fætur hans. Hann sagði við hann: Ef ástkærar gjafir Kýprisar geta eitthvert þakklæti, Poseidon, heftu þá eirspjót Ónomáss, flyttu mig á skjótustum vagna til Eliss og veittu mér sigurvald. Því hann hefur drepið þrettán biðla og frestar giftingu

### Eftiróður 3

θηγατρός· ὁ μέγας δὲ κιν-  
δυνος ἀναλκιν οὐ φῶτα λαμβάνει. (81)  
θανεῖν δ' οἷσιν ἀνάγκα, τὰ κέ τις ἀνόνομον  
γῆρας ἐν σκότῳ καθήμενος ἔψοι μάταν,  
ἀπάντων καλῶν ἄμμορος; ἀλλ' ἐμοὶ  
μὲν οὗτος ἄεθλος (84)  
ὑποκείσεται· τὸ δὲ πράξιν φιλον διδοί.' (85)  
ὥς ἔννεπεν· οὐδ' ἀκράντοις ἐφάνατο  
ἔπεσι. τὸν μὲν ἀγάλλων θεός (86b)  
ἔδωκεν δίφρον τε χρύσειον περοῖ- (87)  
σὶν τ' ἀκάμαντας ἵππους. (87)

Þrettán ráðið biðlum hefir bana,  
brúði faðir vill um hjúskap pretta,  
ætla jeg mjer enga fyr en hana,  
ef til þess vilt hjálparhönd mjer rjetta;  
Stórum betra' er líf í hættu' að leggja  
en liggja dáðlaus innan fjöggra veggja«.

dóttur sinnar. Mikil hætta nær ekki tókum á heigli. Fyrst sérhver verður að deyja, hvers vegna ætti maður að soðna í nafnlausri elli sitjandi í myrkrinu til einskis, án hlutdeildar í öllu því sem er göfugt? Mín skal þessi keppni verða. Gefir þú að afrekið verði mitt. Þannig talaði hann og ekki mælti hann orðin tólm. Guðinn veitti honum heiður og gaf gylltan vagn og óþreytandi vængjaða hesta.

## Strófa 4

ἔλεν δ' Οἰνομάου βίαν παρθένον τε σύνεινον·  
 ἔτεκε λαγέτας ἔξ ἀρεταΐσι μεμαότας υἱούς,  
 νῦν δ' ἐν αἰμακοῦριάς (90)  
 ἀγλααῖσι μέμικται,  
 Ἀλφειοῦ πόρῳ κλιθεῖς,  
 τύμβον ἀμφίπολον ἔχον πολυξενω-  
 τάτῳ παρὰ βωμῶ· τὸ δὲ κλέος (93)  
 τηλόθεν δέδορκε τᾶν Ὀλυμπιάδων ἐν δρόμοις  
 Πέλοπος, ἵνα ταχυτάς ποδῶν ἐρίζεται (95)  
 ἀκμαί τ' ἰσχύος θρασύπονοι·  
 ὁ νικῶν δὲ λοιπὸν ἀμφὶ βίστον  
 ἔχει μελιτόεσσαν εὐδῖαν

Hann yfirvann mátt Önomáss og kvæntist meyjunni. Hann gat sex syni, leiðtoga áfjáða í ágæti. Nú á hann hlutdeild í glæsilegum blóðfórnum er hann hvílir hjá vaði Alfeoss og hefur tíðsóttan haug við stallinn sem gesti sópar að. Frægð Ólympíuleikanna skín úr fjarska í kappreiðum Pelops, þar sem keppt er í fráleika fóta og erfiðustu aflraunum. Það sem eftir varir lífsins nýtur sigurvegarinn hunangssætrar kyrrðar,

## Andstrófa 4

ἀέθλων γ' ἔνεκεν· τὸ δ' αἰεὶ παράμερον ἐσλόν  
 ὕπατον ἔρχεται παντὶ βροτῶν. ἐμὲ δὲ στεφανῶσαι  
 (100)  
 κεῖνον ἰπίῳ νόμῳ  
 Λιοληῖδι μολπᾷ  
 χρῆ· πέποιθα δὲ ξένον  
 μὴ τιν' ἀμφότερα καλῶν τε ἴδριν ῥᾶ-  
 μα καὶ δύναμιν κυριώτερον (104)  
 τῶν γε νῦν κλυταῖσι δαιδαλωσέμεν ὕμων πτυχαῖς.  
 (105)  
 θεὸς ἐπίτροπος ἐὼν τεαῖσι μῆδεται  
 ἔχον τοῦτο κᾶδος, Ἴερων,  
 μερίμνασιν· εἰ δὲ μὴ ταχὺ λίποι,  
 ἔτι γλυκντέραν κεν ἔλπομαι

Skelfir jarðar skjótt brá við og ljeði skaflasnarpa sveini regin-hesta, Oinomási aldurtjón hann rjeði, unga sjer nam Pelops meyju festa. Enn í dag í Elis er hann blótinn, Alfeifs sjást á bökkum hauga mótin.

Ólympískra frægðin fræknisleika frá þeim landnámsmanni tel jeg stafi. Látið er að sköpuðu þar skeika, á skeiði hver og glímu bezt að hafi. Mikill öllum þessi þykir sigur, þó er annar betri varanligur.

Híeróni hestadrápu' að kveða hjét jeg undir æólisku lagi; hinu fagra handgengnara, eða hagamæltara skáld að víkja bragi í föllin margbreytt, muntu varla finna meðal þeirra' er vitja húsa þinna.

alltént vegna keppni. En ávallt skipta gæði hvers dags mestu fyrir alla dauðlega menn. Mér ber að krýna þennan mann með hestasöng undir æolsku lagi. Veit ég vel að það er enginn gestgjafi bæði kunnugur göfugum hlutum og tignari að mætti nú um tíðir að skreyta með rómuðum fellingum lofsöngva. Guðinn sem er vörður þinn ígrundar og hefur í huga væntingar þínar, Híeron. Ef hann fer ekki skyndilega í burtu vonast ég til enn sætari

## Eftiróður

σὺν ἄρματι θεῶ κλει- (110)

Ξῖν ἐπῖκουρον εὐρὼν ὀδὸν λόγων (110)  
παρ' εὐδείελον ἐλθὼν Κρόνιον. ἐμοὶ μὲν ὄν  
Μοῖσα καρτερώτατον βέλος ἄλκῃ τρέφει·  
ἐν ἄλλοισι δ' ἄλλοι μεγάλοι· τὸ δ' ἔ-  
σχατον κορυφούται (113)

βασιλευσι. μηκέτι πάπταινε πόρσιον.

εἴη σέ τε τοῦτον ὑποῦ χρόνον πατεῖν. (115)

ἐμέ τε τοσσάδε νικαφόροις (115b)

ὀμιλεῖν πρόφαντον σοφία καθ' Ἴελ- (116)

λανας εὐόντα παντῆ. (116)

sigur með snörum vagni að frægja, eftir að hafa fundið gagnlegan veg orða þegar ég kom að hinni sólríku Krónosshæð. Mér velur nú sönggyðjan sterkasta skeytið til að verjast: Aðrir eru miklir í öðru, en tindarnir eru skipaðir kóngum. Leitaðu ekki lengra. Megir þú fara hátt þennan þinn tíma og megi ég umgangast sigurvegara, svo mjög sem gefur, víðfrægur af visku hvarvetna hjá Grikkjum.

Til hærra sigurs hugur þinn mun standa, heiti' eg á þig, guð ef slíkt þjer veitir: að sama skapi skal jeg óðinn vanda. Skáldið sjá þig mun frá Kronos's leiti bruna fram í hvela jeli hörðu. – Hver af sínu miklazt hjer á jörðu.

Konunganna heidur þó er hæstur, hærra líta maður enginn skyldi. Sómi þinn og sigur verði æztur! – Sjálfum mér það eitt jeg kjósa vildi: sigurglaðra flokk að fylla garpa; fræg um Grikkland alt sje Pindars harpa!

## Heimildir

- Ástráður Eysteinnsson. 1996. Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Bundy, E.L. 1986 [1962]. *Studia Pindarica*. Berkeley: University of California Press.
- Burnett, A.P. 2008. *Pindar*. London: Bristol Classical Press.
- Clarence E. Glad. 2011. „Grísk-rómversk arfleifð, nýhúmanismi og mótun „íslenskrar“ þjóðmenningar 1830–1918“, *Saga* 49/2: 53-99.
- Constantine, D. 1978. „Hölderlin’s Pindar: The Language of Translation,“ *Modern Language Review* 73/4, 825-34.
- Finnur Jónsson. 1895. „Grímur Thomsen: Ljóðmæli,“ *Eimreiðin* 1: 156.
- Grímur Thomsen. 1880. Ljóðmæli. Reykjavík: Björn Jónsson og Snorri Pálsson.
- Grímur Thomsen. 1892. „Forngrísk kvæði,“ *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 13, 276-80.
- Grímur Thomsen. 1895. Ljóðmæli: Nýtt safn. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Grímur Thomsen. 1897 og 1898. „Platon og Aristoteles. Tveir kapítular úr sögu heimspekinnar,“ *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélag* 18 (1897), 1-29 og 19 (1898), 1-65.
- Grímur Thomsen. 1906. Ljóðmæli: Nýtt og gamalt. Jón Þorkelsson sá um útgáfuna. Reykjavík: s.n.
- Grímur Thomsen. 1906. Rímur af Búa Andriðssyni. Reykjavík: s.n.
- Grímur Thomsen. 1934. Ljóðmæli. Heildarútgáfa I-II. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson.
- Grímur Thomsen. 1969. Ljóðmæli. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning.
- Grímur Thomsen. 1975. Íslenskar bókmenntir og heimsskoðun. Andrés Björnsson þýddi og gaf út. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Grímur Thomsen. 2013. „Tveir kapítular úr sögu heimspekinnar: Platon og Aristoteles – Fyrri hluti: um Platon“, í *Svarar Hrafn Svavarson (ritstj.), Hugsað með Platoni*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 15-34.
- Hamilton, J.T. 2003. *Soliciting Darness: Pindar, Obscurity, and the Classical Tradition*. Cambridge, Mass.: Harvard University Press.
- Jón Þorkelsson. 1934. „Grímur Thomsen,“ í *Grímur Thomsen, Ljóðmæli. Heildarútgáfa I*. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, XI-XLV.
- Heimir Þorleifsson (ritstj.) 1975. *Saga Reykjavíkurskóla 1. bindi*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Kristján Árnason. 2004. „Þýðingar Gríms Thomsen úr grísku,“ *Hið fagra er satt*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 410-27.
- Kristján Árnason (ritstj.) 2013. *Grikkland alla tíð*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2012. *Heimsborgari og þjóðskáld: Um þversagnakennt hlutverk Gríms Thomsen í íslenskri menningu*. Doktorsritgerð. Reykjavík: Hugvísindastofnun.

- Kristján Jóhann Jónsson. 2014. Grímur Thomsen: Þjóðerni, skáldskapur, þversagnir og vald. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Louth, C. 1998. Hölderlin and the Dynamics of Translation. Oxford: Legenda.
- Páll Valsson. 1996. „Rómantísk sögusýn og karlmennska,“ í Árne Ibsen o.fl. (ritstj.), Íslensk bókmenntasaga III. Reykjavík: Mál og menning, 348-58.
- Race, W.H. 2012 [1997]. Pindar: Olympian Odes; Pythian Odes. Loeb Classical Library. Cambridge, Mass.: Harvard University Press.
- Race, W.H. 1997, Pindar: Nemean Odes; Isthmian Odes; Fragments. Loeb Classical Library. Cambridge, Mass.: Harvard University Press.
- Schleiermacher, Fr. 2010, „Um hinar mismunandi þýðingaradferðir,“ Martin Ringmar þýddi. Jón á Bægisá 14: 5-29.
- Sigfús Blöndal. 1895. „Bókafregn,“ Sunnanfari 4/12: 90-92.
- Sigurður Nordal. 1934. „Grímur Thomsen,“ erindi flutt í Reykjavík á aldarafmæli skáldsins, 15. maí 1920, í Grímur Thomsen, Ljóðmæli. Heildarútgáfa II. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, V-XXVI.
- Sigurður Nordal. 1969. „Um útgáfuna,“ Grímur Thomsen, Ljóðmæli. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning, 40-50.
- Snell, B. og H. Maehler. 1987. Pindari Carmina cum fragmentis. Pars I: Epinicia. Leipzig: Teubner.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. Arfur og umbylting: Rannsókn á íslenskri rómantík. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían.
- Venuti, L. 1995. The Translator's Invisibility: A History of Translation. London: Routledge.
- Weissbort, D. og Ástráður Eysteinnsson (ritstj.) 2006. Translation: Theory and Practice. Oxford: Oxford University Press.



## ABSTRACT

**Grímur Thomsen and Pindar's Foreignization**

Grímur Thomsen's translations have usually been viewed as excellent examples of the domestication or adaptation of foreign poetry to Icelandic traditions and mentality. The originals have been regarded as all but a pretext for Thomsen's thoroughly Icelandic poetry. Such a view, however, disregards his translations of ancient Greek poetry, in particular the odes of Pindar. Famous for his obscurity, Pindar is arguably the most foreign of ancient Greek poets. Thomsen's translations were badly received and explained away as the eccentricities of a senile querulous of the times. In this article the argument is made that domestication played little or no role in Thomsen's translations of Pindar. The translator should rather be regarded as a champion of foreignization, through which he clearly intended to enrich Icelandic literature.

*Keywords:* Grímur Thomsen, Pindar, foreignization

## ÚTDRÁTTUR

**Grímur Thomsen og framandgerving Pindars**

Kvæðapýðingar Gríms Thomsen hafa frá fyrstu tíð þótt ágæt dæmi um staðfærslu eða aðlögun erlends skáldskapar að íslenskum hefðum og hugarfari, þar sem erlendu kvæðin séu nánast átylla rammíslensks skáldskapar Gríms. Við þetta mat er hins vegar litið fram hjá pýðingum Gríms á forngrískum kveðskap, enda falla þær miður vel að þessu viðhorfi. Síðustu ár ævi sinnar þýddi Grímur mest úr forngrísku, ekki síst eftir drápuhöfundinn Pindar. Þetta myrka skáld var nánast framandleikinn holdi klæddur. Það kemur ekki á óvart að þessum pýðingum hafi snemma verið tekið fálega; kvæðin voru útskýrð sem sérvíska gamalmennis sem þoldi illa samtíma sinn. Í greininni held ég því fram að Grími hafi ekki gengið til að staðfæra með pýðingum sínum á Pindar og öðrum forngrískum skáldum, heldur hampi hann framandleikanum og vilji þannig auðga íslenskar bókmenntir.

*Lykilorð:* Grímur Thomsen, Pindar, framandgerving